



HÁSKÓLI ÍSLANDS

University of Iceland Open Access Policy

Stefna Háskóla Íslands um opinn aðgang

Eiríkur Rögnvaldsson

Department of Icelandic and Comparative Cultural Studies

Íslensku- og menningardeild



The Open Access Policy Committee

- Ad Hoc Committee appointed by the Rector
 - on November 14, 2011
- Mandate:
 - Write a draft of the University's Open Access Policy
- Representatives from the five University schools
 - and from the National and University Library
- The committee reached unanimous consent
 - submitted its proposal on March 20, 2012



University of Iceland

Harvard FAS

- Háskóli Íslands leggur áherslu á að sem flestir geti notið afurða þess vísindastarfs sem unnið er innan skólans. Skólinn ætlast því til þess af akademískum starfsmönnum sínum að þeir birti fræðigreinar sínar á vettvangi þar sem aðgangur er opin og ókeypis, svo sem í tímaritum í opnum aðgangi, safnvistun, forprentagrunnum, eða á annan hátt.
- The Faculty of Arts and Sciences of Harvard University is committed to disseminating the fruits of its research and scholarship as widely as possible.



University of Iceland

Harvard FAS

- Akademískir starfsmenn skulu veita vísindasviði án endurgjalds rafrænan aðgang að lokaútgáfu vísindagreina sinna ekki seinna en á útgáfudegi. Þetta má gera með því að afhenda greinarnar á viðeigandi formi (svo sem PDF), senda krækju á veffang opins aðgangs að greinunum, eða á annan hátt samkvæmt nánari reglum.
- [...] each Faculty member will provide an electronic copy of the final version of the article at no charge to the appropriate representative of the Provost's Office in an appropriate format (such as PDF) specified by the Provost's Office.



University of Iceland

Harvard FAS

- Skólanum er heimilt að vista greinarnar og gera þær aðgengilegar í opnu, rafrænu varðveislusafni. Gildir þetta um allar vísindagreinar ritaðar af starfsmönnum skólans, einum eða með fleiri höfundum, á þeim tíma sem þeir eru ráðnir við skólann.
- Each Faculty member grants to the President and Fellows of Harvard College permission to make available his or her scholarly articles [...].
- The Provost's Office may make the article available to the public in an open-access repository.



University of Iceland Harvard FAS

- Each Faculty member grants to the President and Fellows of Harvard College permission [...] to exercise the copyright in those articles. In legal terms, the permission granted by each Faculty member is a nonexclusive, irrevocable, paid-up, worldwide license to exercise any and all rights under copyright relating to each of his or her scholarly articles, in any medium, and to authorize others to do the same, provided that the articles are not sold for a profit.



University of Iceland

Harvard FAS

- Undanskildar þessum ákvæðum eru vísindagreinar sem lokið var við fyrir gildistöku þessarar samþykktar og greinar sem vinna var hafin við fyrir gildistöku og um gilda skilmálar sem ekki falla að samþykktinni.
- The policy will apply to all scholarly articles written while the person is a member of the Faculty except for any articles completed before the adoption of this policy and any articles for which the Faculty member entered into an incompatible licensing or assignment agreement before the adoption of this policy.



University of Iceland

Harvard FAS

- Vísindasvið mun jafnframt undanskilja einstakar vísindagreinar frá samþykktinni, eða seinka birtingu þeirra um tiltekinn tíma, beri viðkomandi starfsmaður fram rökstudda skriflega ósk þess efnis.
- The Dean or the Dean's designate will waive application of the policy for a particular article upon written request by a Faculty member explaining the need.



University of Iceland

Harvard FAS

- Afrakstur vísindastarfs innan Háskóla Íslands kemur einnig fram í lokaverkefnum stúdenta, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Skólinn leggur áherslu á að þessi verkefni séu gerð öllum aðgengileg eftir því sem kostur er, samkvæmt nánari reglum þar um.



University of Iceland

Harvard FAS

- Vísindasvið ber ábyrgð á túlkun samþykktarinnar, lausn ágreiningsmála og tillögum um endurbætur þegar við á. Hafa skal samráð við kennslusvið í málum sem varða lokaverkefni stúdenta. Samþykktin verður endurskoðuð innan þriggja ára og skýrsla um framkvæmd hennar kynnt fyrir akademískum starfsmönnum.
- The Office of the Dean will be responsible for interpreting this policy, resolving disputes concerning its interpretation and application, and recommending changes to the Faculty from time to time. The policy will be reviewed after three years and a report presented to the Faculty.



The committee's comments on the proposal

- Þessi stefnumörkun felur í sér verulega breytingu á vinnulagi og birtingarhefðum innan háskólasamfélagsins. Opinn aðgangur er tiltölulega nýtt hugtak og margir akademískir starfsmenn eru óvissir um hvað það felur í sér. Því er mikilvægt að stefnuðrögin verði kynnt mjög vel innan skólans og endanleg stefna mótuð í eins góðri sátt við allt háskólasamfélagið og kostur er.



The committee's comments on the proposal

- Ljóst er að birting greina í tímaritum í opnum aðgangi getur haft umtalsverðan kostnað í för með sér – tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna á grein. Vitaskuld er ekki hægt að ætlast til þess að einstakir starfsmenn beri þennan kostnað. Vilji Háskólinn leggja áherslu á að starfsmenn hans birti greinar í slíkum ritum verður hann að koma til móts við þá að þessu leyti. Því er nauðsynlegt að móta reglur um hvernig það verði gert, og tryggja fé til þess.



The committee's comments on the proposal

- Margir starfsmenn eru óöruggir um hvað þeir megi gera við verk sín, hvernig túlka beri samninga sem þeir gera við útgefendur, og hvaða viðurlögum þeir kynnu að verða beittir ef útgefendur teldu þá brjóta samninga. Nauðsynlegt er að skólinn sjái starfsmönnum fyrir ítarlegum upplýsingum um þessi atriði, og geti veitt þeim góða ráðgjöf á þessu sviði. Eðlilegt er að vísindasviði verði falið að veita slíka ráðgjöf, eftir atvikum í samvinnu við lögfræðing skólans.



The committee's comments on the proposal

- Með mótun stefnu um opinn aðgang væri Háskólinn að fylgja í kjölfar fjölmargra erlendra háskóla. Slík ákvörðun hefði því engin sérstök áhrif á þau tímarit þar sem starfsmenn skólans birta greinar sínar – þau þurfa þegar að bregðast við sams konar ákvörðunum annarra skóla. Á hinn bóginn þarf að huga sérstaklega að því hvaða áhrif opinn aðgangur að greinum gæti haft á afkomu íslenskra tímarita. Ef höfundar birta greinar sínar í Skemmunni eða á heimasíðu sinni um leið og þær koma út er hugsanlegt að það hefði áhrif á áskrifenda fjölda og sölumöguleika ritanna og það væri vitaskuld óheppilegt. Því er mikilvægt að haft verði gott samstarf við þessi rit og leitast verði við að framkvæmd stefnunnar verði í góðri sátt við þau, t.d. með seinkaðri birtingu greina um tiltekinn tíma ef þess er óskað.



The committee's comments on the proposal

- Nauðsynlegt er að í reglum einstakra deilda verði ákvæði um rafræn skil lokaverkefna í Skemmuna og aðgang að þeim. Eðli lokaverkefna er mjög misjafnt eftir deildum; á sumum fræðasviðum geta þau verið hluti af stærra rannsóknarverkefni leiðbeinanda og mega því ekki vera í opnum aðgangi fyrr en heildarrannsóknin hefur verið birt. Sum lokaverkefni hafa einnig að geyma viðskiptaleyndarmál, viðkvæmar persónuupplýsingar, viðskiptahugmyndir eða annað efni sem eðlilegt getur verið að takmarka aðgang að. Þótt almenna stefnan verði sú að lokaverkefni verði opin er því nauðsynlegt að hægt sé að loka þeim um tiltekinn tíma, hnígi sérstök rök til þess. Hámarkslengd lokunar verði fimm ár nema sérstakar ástæður (s.s. persónuverndarsjónarmið) komi til.



Comments from schools and committees

- The University Council discussed the proposal
 - albeit briefly, in its meeting on May 3, 2012
- After that, it was sent out for comments
 - to the five schools and several standing committees
- In March 2013, all comments had finally arrived
 - a whole year after the proposal was delivered
- The committee was asked to meet once more
 - to review the comments and respond to them



Responses to comments on the proposal

- Úr sumum umsögnum (t.d. umsögn vísindanefndar) má lesa að umsagnaraðilar hafi skilið stefnuðrögin svo að ætlast sé til að starfsmenn Háskólans birti greinar sínar í tímaritum í opnum aðgangi („gullna leiðin“ svokallaða, sjá <http://opinn-adgangur.is/>). Bent er á að í sumum greinum séu engin slík tímarit, þetta komi í veg fyrir birtingar í mörgum áhrifa-miklum („high impact“) tímaritum, o.s.frv. Starfshópurinn bendir á að birting í tímaritum í opnum aðgangi er aðeins ein þeirra leiða sem nefndar eru í stefnuðrögunum. Einnig er nefnd safnvistun, forprentagrunnar o.fl. („græna leiðin“ svokallaða). Mjög mörg vísindatímarit (yfir 90%, skv. <http://www.eprints.org/openaccess/self-faq/>) leyfa slíka birtingu, þótt ritin sjálf séu ekki í opnum aðgangi. Stundum er þá gert ráð fyrir birtingartöf í hálf t eða eitt ár.



Responses to comments on the proposal

- Sumir umsagnaraðilar láta í ljós áhyggjur af afkomu og tilvistargrundvelli íslenskra tímarita ef greinar í þeim verða í opnum aðgangi. Í bréfi sínu til rektors í fyrra benti starfshópurinn á að þetta mál þyrfti að skoða sérstaklega. Að einhverju leyti má leysa þetta með birtingartöf, eins og sum íslensk tímarit gera nú þegar (*Gripla*, tímarit Árnastofnunar, er t.d. með tveggja ára birtingartöf). Einnig má athuga hvort ritin myndu leyfa safnvistun, t.d. á lokahandriti höfundar.
- Margir umsagnaraðilar lýsa yfir áhyggjum af því að krafa um opinn aðgang hafi í för með sér skerðingu rannsóknarfrelsis. Þær áhyggjur eru óþarfar þar sem skýrt er tekið fram í drögnum að vísindasvið muni undanskilja einstakar vísindagreinar frá samþykktinni, eða seinka birtingu þeirra ef rökstudd skrifleg ósk berst til sviðsins.



Responses to comments on the proposal

- Umsagnaraðilar hafa áhyggjur af kostun opins aðgangs ef gullna leiðin er valin. Það eru réttmætar áhyggjur og einhver kostnaður hlýst óhjákvæmilega af slíkri stefnu. Það er þó talið að slíkur kostnaður sé tímabundinn. Benda má á að a.m.k. 30% ritrýndra tímarita, jafnvel allt upp í 60%, eru í opnum aðgangi og sú tala fer hækkandi. Hugsanlega getur hluti fjárveitinga sem fara til ritakaupa um tíma borgað fyrir birtingu í opnum aðgangi. Kostnaður við landsaðganginn að rafrænum tímaritum, sem nemur nú 234 milljónum kr., mun svo minnka þegar opinn aðgangur verður algengari. Hins vegar er mikilvægt að einblína ekki á gullnu leiðina; kostnaður við grænu leiðina er sáralítill og því kann sú leið oft að vera ákjósanlegri.



The current state of the proposal

- The University's General Assembly (háskólaþing)
 - discussed the proposal on April 19, 2013
- The reactions were both positive and negative
 - concerns regarding costs, copyright issues, etc.
- The proposal was sent to the University Council
 - for finalizing the University's Open Access Policy
- Since then, nothing has happened
 - but I am told that the policy will be adopted soon ...



Thank you for your attention!
Þökk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is

<http://uni.hi.is/eirikur>